

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 393. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 2. september 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Skýrsla um rekstur leikskóla Snæfellsbæjar. Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson frá Ásgarði skólaráðgjöf mætir á fundinn í gegnum Teams til að fara yfir skýrluna.
- 2) Skipulagsmál. Gunnþóra Guðmundsdóttir mætir á fundinn í gegnum Teams.
- 3) Fundargerðir 358., 359. og 360. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 19. júní, 17. júlí og 26. ágúst 2025.
- 4) Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Trúnaðarmál. Lagt fram á fundinum.
- 5) Bréf frá Michael Gluszuk, dags. 25. ágúst 2025, varðandi úrsögn úr bæjarstjórn og nefndum sveitarfélagsins.
- 6) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 27. ágúst 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Dugnaðarkvenna ehf, um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem rekið verður sem Elja kaffihús að Sandahrauni 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ.
- 7) Bréf frá SSV, dags. 25. ágúst 2025, varðandi haustþíng SSV 2025.
- 8) Bréf frá UNICEF, dags. 14. ágúst 2025, varðandi umsóknir um þátttöku sveitarfélaga í verkefninu Barnvæn samfélög.
- 9) Aðgerðaráætlun Snæfellsbæjar vegna Sjálfsbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034. Ákvörðun um næstu skref.
- 10) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ 8. 29. ágúst 2025  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

**358. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 19. júní 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:30.**

**Mættir:**

Júniana Björg Óttarsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Friða Sveinsdóttir  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri – á Teams  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 16. Lið drög að reglum um sérstakan húsnaðisstundning og drög að reglum um fjárhagsaðstoð. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerð 193. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. júní 2025**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerðir menningarnefndar, dags. 11. febrúar, 6. maí og 5. júní 2025, ásamt uppkasti að nýrri menningarstefnu Snæfellsbæjar.**  
 Rætt um drög að menningarstefnu Snæfellsbæjar. Bæjarstjóra og bæjarritara falið að ræða við formann nefndarinnar áður en lengra er halddið.  
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða með framkominni athugasemd.
- 3) **Fundargerð 149. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 5. júní 2025.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 473. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. maí 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerð 979. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. maí 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð 980. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. maí 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 7) **Samningur milli Snæfellsbæjar og Eclipse ehf., vegna Iceland Eclipse 2026.**  
 Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðan samning.
- 8) **Bréf frá forstöðumannni Jaðars, dags. 11. júní 2025, varðandi ósk um aukafjárveitingu.**  
 Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu að upphæð kr. 700.000.-
- 9) **Bréf frá Þúfunni, áfangaheimili fyrir konur, dags. 11. júní 2025, varðandi ósk um styrk.**  
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna erindinu.
- 10) **Umsóknir um hundaleyfi:**
  - a) **Björg Viktoría Guðmundsdóttir sækir um leyfi til að halda hundinn Leyla Clapton**  
 Umsóknin samþykkt samhljóða.
  - b) **Smári Jónas Lúðvíksson sækir um leyfi til að halda hundinn Gust**  
 Umsóknin samþykkt samhljóða.

- c) **Róbert Sindri Berglindarson** sækir um leyfi til að halda hundinn **Ária Líf**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- d) **Helga Jóhannsdóttir** sækir um leyfi til að halda hundinn **Assa Móa**.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 11) **Eygló A Þorkelsdóttir** sækir um leyfi til að halda köttinn **Ljúfling**.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 12) **Bréf frá Rarik, dags. 16. maí 2025**, varðandi orkumál sveitarfélaga.  
Bæjaráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að ræða við forstjóran um áframhaldandi  
samvinnu og samstarf um orkumál í sveitarfélagini.
- 13) **Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 12. júní 2025**, varðandi ósk um tilnefningu fulltrúa í  
nefndina.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að ræða við hin sveitarfélögin á  
Snæfellsnesi um tilnefningu fulltrúa í nefndina.
- 14) **Bréf frá Félagi atvinnurekenda, dags. 10. júní 2025**, varðandi fasteignamat 2026.  
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Bréf frá Vinum íslenskrar náttúru, dags. 4. júní 2025**, varðandi skipulag skógræktar.  
Lagt fram til kynningar.
- 16) **Drög að reglum um sérstakan húsnaðisstuðning á vegum FSS.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir framlögð drög fyrir sína hönd.
- 17) **Drög að reglum um fjárhagsaðstoð á vegum FSS.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir framlögð drög fyrir sína hönd.
- 18) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
  - Bæjarstjóri ræddi málefni Jeratúns.
  - Bæjarstjóri ræddi listaverk sem sett verða upp í Snæfellsbæ í sumar og fjölmíðla-  
umfjöllun sem verður í Þýskalandi í haust um listamenn hér.
  - Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdirnar í Vallholtinu, en þær ganga vel.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00

Júniana Björg Óttarsdóttir

Björn H. Hilmarsson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
(rafræn undirritun)

Frida Sveinsdóttir

Lilja Olafardóttir, bæjarritari

**359. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 17. júlí 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerðir ungmennaráðs, dags 29. apríl, 29. maí og 23. júní 2025.**  
 Bæjarráð vill koma því á framfæri að þessar fundargerðir eru mjög vel ritaðar, vel uppsettar og til fyrirmynnar.  
 Fundargerðirmar samþykktar samhljóða.
- 2) **Fundargerð 233. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 23. maí 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands, dags. 19/3 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 4) **Fundargerð 82. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 2/7 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerð 90. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélags, dags. 19. júní 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð 981. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. júní 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð 982. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júní 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 8) **Umsókn frá Dagnýju Vagnsdóttur, dags. 12. júní 2025, um að fá að halda hundinn Toby.**  
 Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 9) **Bréf frá Hollyinasamtökum Pakkhússins, dags. 24. júní 2024, varðandi Pakkhúsið í Ólafsvík.**  
 Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð ársins 2026.
- 10) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. júní 2025, varðandi bókun stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 11) **Yfirlýsing stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 7. júlí 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.

**12) Minnispunktar bæjarstjóra.**

- a) Bæjarstjóri sagði frá skýrslu Ásgarðs um leikskólann. Hún verður kynnt fyrir bæjarfulltrúum á fyrsta fundi bæjarstjórnar eftir sumarleyfi.
- b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins.
- c) Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir sumarsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:53

Júníana Björg Ottarsdóttir

Björg Ottarsdóttir  
Björn H Hilmarsson

Frida Sveinsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
(rafræn undirritun)

Lilja Olafardóttir  
Lilja Olafardóttir, bæjarritari

**360. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 26. ágúst 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Friða Sveinsdóttir  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerð 194. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags., 18. ágúst 2025.**  
 Rætt var um óleyfisframkvæmdir í bæjarfélögnum, t.a.m. smáhýsi, gáma og hænsnakofa.  
 Bæjarráð óskar eftir því við tæknideildina að farið verði í átak við að fjarlægja slikt.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 150. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 30. júlí 2025.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 20. ágúst 2025.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 196. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 13. ágúst 2025.**  
 Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Kristni, Sigurði og Hafsteini Sigurþórssonum, dags. 5. ágúst 2025, varðandi gestahúsið á Gufuskálum.**  
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að ræða við alla aðila sem að málun koma.  
 Ef samkomulag næst munu drög af samningi verða lögð fyrir bæjarstjórn.
- 6) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 21. ágúst 2025, varðandi stöðugildi þroskaþjálfa við leikskóla Snæfellsbæjar.**  
 Bæjarráð samþykkti að fresta afgreiðslu þessa liðs til næsta bæjarráðsfundar.
- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 21. júlí 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Bartomiej Jacek Samowski um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund G-ibúðir, að Stekkjarholti 5 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**  
 Umrætt hús stendur við ibúðargötu, þar sem er skilgreint ibúðarsvæði skv. aðalskipulagi.  
 Útseld gisting á þessum stað myndi valda miklum óþægindum fyrir ibúa og því getur bæjarráð ekki heimilað slikt, enda er viðkomandi eign ibúðarhúsnaði en ekki atvinnuhúsnaði skv. aðalskipulagi.  
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna fyrir sitt leyti umsókn um leyfi til reksturs gististaðar að Stekkjarholti 5 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. ágúst 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Gylfa Freys Karlssonar, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-fristundahús, að Garðsbúð í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsbæ.**  
 Júníana vék af fundi undir þessum lið.

BTH/  
 ÆT  
 ABP  
 ES

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gylfa Freys Karlssonar, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-frístundahús, að Garðsbúð í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

Júníana kom nú aftur inn á fund.

- 9) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 19. ágúst 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn N18 ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Gíslabæ í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsbæ.  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn N18 ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Gíslabæ í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 10) Umsókn Tinnu Rutar Þrastardóttur, dags. 21. júlí 2025, um að fá að halda hundinn Kódý.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 11) Umsókn frá Ólafi Erni Karlssyni, dags. 21. júlí 2025, um að fá að halda köttinn Brand.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 12) Bréf frá Deloitte, dags. 6. ágúst 2025, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að bátnum Steinu Þorsteins SH-138, sknr. 7880.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að bátnum Steinu Þorsteins SH-138, sknr. 7880.
- 13) Bréf frá Kristni Jóni Friðþjófssyni ehf., ódags., varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að bátnum Rán SH-307, sknr. 2243.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að bátnum Rán SH-307, sknr. 2243.
- 14) Bréf frá Heimili fasteignasölu, dags. 21. ágúst 2025, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að bátnum Skáley SH-300, sknr. 2635.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að bátnum Skáley SH-300, sknr. 2635.
- 15) Bréf frá Fjölbautarskóla Snæfellinga, dags. 8. ágúst 2025, varðandi skólaakstur við skólann á vorönn 2025.  
Lagt fram til kynningar.
- 16) Bréf frá SSV, dags. 19. ágúst 2025, varðandi samstarfslysingu SSV við HVE  
Lagt fram til kynningar.
- 17) Minnispunktar bæjarstjóra.
  - a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
  - b) Bæjarstjóri fór yfir aðsóknartölur á tjaldsvæði Snæfellsbæjar.
  - c) Bæjarstjóri fór yfir aðsóknartölur á salernisgámi á Arnarstapa.
  - d) Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir sumarsins sem hafa gengjð nokkuð vel.
  - e) Bæjarstjóri sagði frá því að skólastetting hefði verið á föstudag með nýjum stjórnendum og hefur skólahald byrjað vel.
  - f) Bæjarstjóri sagði frá því að nýtt listaverk verður vígt í Krossavík næsta laugardag kl. 16:00.



Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:03

Júníana Björg Óttarsdóttir

Björn H Hilmarsson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fríða Sveinsdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær 25. Ágúst 2025

**Efni: Úrsögn úr bæjarstjórn auk nefnda**

Undirritaður óskar hér með eftir lausn frá starfi mínu sem bæjarstjónarfulltrúa

J-listans auk nemda sem ég er í á vegum Snæfellsbæjar

Virðingarfyllst,

Michael Gluszuk

Michael Gluszuk

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@syslumenn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 27. ágúst 2025 15:37  
**To:** Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar;  
Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; Vesturland - Opinbert netfang  
**Cc:** viktoria@skerrestaurant.is  
**Subject:** Ums.b. rek. V.II-Eljan kaffihús- Kaffi Elja, Sandahraun 5, Snæfellsbær-2025060947  
**Attachments:** Umsb.rek.V.II-Eljan kaffihús-Kaffi Elja,Sandahraun 5,Snæfellsbæ.pdf; Rekstrarleyfi  
notendagögn.pdf; teikning\_husnaedi\_2025-08-27.jpeg

Til umsagnaraðila

Embætti sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Dugnaðarkonur ehf kt.650825-0470 um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús, sem rekinn verður sem Eljan kaffihús-Kaffi Elja, Sandahraun 5, Snæfellsbær. Hjálagt fylgja notendagögn, ásamt teikningu og umsagnarbeiðni.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,  
Daðey.

Með kveðju / Best regards

**Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs**

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland  
Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland  
beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352  
Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is) • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sýslumenn \(island.is\)](#)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumenn  
Sýslumaðurinn á  
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar  
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Slökkvilið Snæfellsbæjar  
Vinnueftirlitið  
Löggreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2025-060947  
Akranesi, 27. ágúst 2025

## Umsagnarbeiðni - Veitingaleyfi

**Umsækjandi:** Dugnaðarkonur ehf., kt. 650825-0470, Holtabrún 8, 355 Ólafsvík,

**Forsvarsmaður:** Viktoría Kr Guðbjartsdóttir, kt. 040392-3789, Holtabrún 8, 355 Ólafsvík.

**Sími:** 8482122. **Netfang:** viktoria@skerrestaurant.is

**Tegund umsóknar:** - Umsókn um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II – tegund E-Kaffihús.

**Heiti staðar:** Eljan kaffihús-Kaffi Elja, Sandahraun 5, 356 Snæfellsbæ.

### Staðsetning:

Heiti fasteignar: Fasteignanúmer: Rýmisnúmer: Hámarksfjöldi gesta:

Sandahraun 5 F2336182 010101 40

### Afgreiðslutimi áfengis:

Virka daga frá: Virka daga til: Aðfaranætur frídaga frá kl: Aðfaranætur frídaga til  
kl:09:30 16:30 09:30 16:30

**Hámarkshestafjöldi:** 40 gestir.

Með visan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistið og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en 45 dögum eftir móttöku beiðni þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölða**

**Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is.** Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Daðey Þóra Ólafsdóttir,  
sviðsstjóri þjónustusviðs



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Borgarnesi 25.08.2025

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

**Efni: Haustþing SSV 2025**

Haustþing SSV 2025 verður haldið á Garðavöllum (golfskálanum) á Akranesi 24 september n.k. Dagskrá hefst kl.09.30 og er áætlað að þingið standi yfir til kl.18.00.

Þema þingsins verður aðráttarafl og byggðabragur sveitarfélaga.

Seturétt á haustþingi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Á fundinum verða lagðar fram fjárhags- og starfsáætlunar fyrir SSV árið 2026. Þessar áætlunar verða sendar út til sveitarfélaganna fyrir þingið.

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSV



14.08.2025

**UNICEF á Íslandi hefur opnað fyrir umsóknir um þátttöku í verkefninu Barnvæn sveitarfélög og Snæfellsbæ er boðið að sækja um!**

Kæru meðlimir bæjarráðs Snæfellsbæjar,

Árið 2013 var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur á Íslandi. Fljótlega eftir lögfestinguna kom í ljós að ekki væri hægt að tryggja börnum öll þau réttindi sem Barnasáttmálinn kveður á um án aðkomu sveitarfélaganna. Þess vegna hófst undirbúningur við að aðlaga alþjóðlegt verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, að íslenskum veruleika. Árið 2019, í tilefni að 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, undirritaði UNICEF á Íslandi samstarfssamning við þáverandi félagsmálaráðuneyti um innleiðingu verkefnisins undir formerkjunum Barnvænt Ísland. Markmið samstarfsins er að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ætlunin er að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næstu fimm árum hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmáls og tileinkað sér barnaréttindanálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum. Það er einmitt þess vegna sem mig langar að bjóða Snæfellsbæ formlega til þátttöku í verkefninu.

Þau sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu tilnefna umsjónarmann með verkefninu. Umsjónarmaðurinn hlýtur mikla handleiðslu og stuðning frá UNICEF en innleiðingunni fylgir ítarleg handbók, aðgangur að rafrænum fræðsluvettvangi UNICEF, einstaklingsfundir með verkefnastjóra Barnvæenna svetiarfélaga hjá UNICEF, reglulegir fundir með umsjónarmönnum verkefnisins hjá öðrum sveitarfélögum á Íslandi og jafningastuðningur, vinnustofur á vegum UNICEF og alþjóðlegt samstarf við Barnvæn sveitarfélög um allan heim.

Í dag taka 23 sveitarfélög þátt í verkefninu og hefur hópurviðurkenndra sveitarfélaga farið ört stækkandi síðastliðin misseri. Mikill ánagur sést hjá þeim sveitarfélögum sem hafa innleitt Barnvænt sveitarfélag sem tala mörg hver um jákvæð áhrif þess að vinna að Barnvænu sveitarfélagi samhliða innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, heilsueflandi samfélags og annara verekfnna sem sveitarfélögin vinna að. Þá hafa fæðst mörg fyrirmynadar verkefni innan sveitarfélaganna á borð við tilkynningarhnappa þar sem börn geta tilkynnt sjálf um barnaverndarbrot, eða komið ábendingum áleiðis til sveitarfélagsins, verkefni sem stuðla að aukinni félagslegri virkni


viðkvæmra hópa barna, breytingar á snjómoksrti og akstursleiðum strætisvagna, ungmennaráð hafa verið efld og barnaþing hafa verið fest í sessi, verkferlar innleiddir til þess að tryggja að mat sé lagt á það sem er barni fyrir bestu þegar ákvarðanir eru teknar innan sveitarfélagsins, fjármál greind út frá réttindum barnar og svo margt fleira.

„Þegar þú sérð svona árangursrík verkefni verða að veruleika langar þig ekkert að hætta, þig langar bara að halda áfram og gera enn betur.“ sagði Amanda K. Ólafsdóttir starfsmaður Kópavogsþærar aðspurð um verkefnð.

Innleiðing laga um Barnasáttmálann er hringrásarverkefni sem þýðir að því líkur í raun aldrei. Barnvæn sveitarfélög vinna eftir innleiðingarhring verkefnisins sem er í átta skrefum. Verkefnið krefst þess að þverpólítískt samþykki sé til staðar um innleiðingu þess. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma. Að staðfestingu lokinni er mat á stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins framkvæmt ásamt því að barnaréttindafræðsla er tryggð fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og þau börn sem búa í sveitarfélagini. Þá er aðgerðaáætlun skrifuð og aðgerðirnar í henni svo framkvæmdar. Að því loknu skilar sveitarfélagið skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins og sé sú skýrsla samþykkt er haldið áfram í mat og viðurkenningu. Að viðurkenningu lokinni er haldið áfram, annan hring, og sveitarfélagið setur sér ný markmið. Þátttaka ungmennaráðs í innleiðingu Barnvæns sveitarfélags er lykilþáttur í árangursríki innleiðingu. Óskað er eftir því að ungmenni úr ungmennaráði séu hluti af stýrihópi verkefnisins og að ungmennaráð taki virkan þátt í öllum skrefum innleiðingarinnar. Það er þess vegna sem ég sendi þetta bréf ekki eingöngu til ykkar heldur einnig til ungmennaráðs.

Réttindi og raddir barna skipta sköpum í því að skapa samfélög sem blómstra. Nú hefur Snæfellsbær tækifæri til þess að verða Barnvænt sveitarfélag með stuðningi UNICEF. Ég hvet ykkur til þess að skoða alvarlega möguleikann á þáttöku í verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Ef þið hafið áhuga á að kynna ykkur verkefnið enn frekar bendi ég á heimasíðu Barnvænna sveitarfélaga: barnvaensveitarfelog.is. Ég býð einnig upp á 30 mínútna kynningu á verkefninu fyrir áhugasöm sveitarfélög. Ykkur er velkomíð að hafa samband við mig ([marin@unicef.is](mailto:marin@unicef.is)) hafið þið áhuga á slíkri kynningu eða vakni aðrar spurningar.

Með kveðju,



Marín Rós Eyjólfssdóttir

Verkefnastjóri Barnvænna sveitarfélaga UNICEF &

sérfræðingur í innleiðingu Barnasáttmálans

UNICEF á Íslandi | Strandgata 75, 220 Hafnarfirði

Sími: +46 70 215 28 58

Fylgdu okkur á [Facebook](#), [Instagram](#), [YouTube](#), [unicef.is](#)

[Búðu til pláss - vertu Heimsforeldri](#)

 | fyrir öll börn

Mars 2025

# AÐGERÐAÁÆTLUN

AÐGERÐAÁÆTLUN SNÆFELLSBÆJAR VEGNA  
SJÁLFBÆRNISTEFNU SNÆFELLSNESS 2025 - 2034  
GUÐRÚN MAGNEA MAGNÚSDÓTTIR

## Efnisyfirlit

Markmið .....	2
1 Orkusparnaður- og stjórnun .....	2
1.1 Samdráttur í raforkunotkun.....	2
1.2 Mögulegur ávinningur aðgerða .....	2
2 Hringrásarhagkerfið.....	3
2.1 Samdráttur í úrgangsmýndun og aukið endurvinnsluhlutfall stofnana .....	3
2.2 Samdráttur í samfélagslegri úrgangsmýndun og aukið endurvinnsluhlutfall.....	3
2.3 Minni matarsóun.....	4
2.4 Dregið úr losun frá þjónustu og vörum .....	4
2.5 Mögulegur ávinningur aðgerða .....	4
3 Samgöngur .....	5
3.1 Samdráttur í losun frá flugi starfsfólks og fulltrúa.....	5
3.2 Samdráttur í losun frá akstri starfsfólks og fulltrúa .....	5
3.3 Samdráttur í samfélagslegri losun frá akstri .....	6
3.4 Mögulegur ávinningur aðgerða .....	6
4 Verndun vistkerfa og landnotkun .....	7
4.1 Græn svæði.....	7
4.2 Aðferðir til þess að minnka losun eða auka bindingu kolefnis .....	8
4.3 Mögulegur ávinningur aðgerða .....	9

Viðmiðunarár tölulegra gagna vegna losunar frá sveitarfélögnum: 2022

Tenging við alþjóðlegar samþykktir: Árósasamninginn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, einnig nefndur Árósasamningurinn (Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-Making and Access to Justice in Environmental Matters, aðild 2011).

# Markmið

## 1 Orkusparnaður- og stjórnun

Þótt raforka frá vatnsaflri á Íslandi losi lítið af gróðurhúsalofttegundum geta miðlunararlón og framkvæmdir raskað vistkerfum og valdið metanlosun. Hitaveita losar einnig koltvísýring úr jarðhitageymum. Mikilvægt er að draga úr orkunotkun, bæta orkunýtingu og nýta auðlindir skynsamlega til að lágmarka umhverfisáhrif og tryggja sjálfbæra orkuframleiðslu.

### 1.1 Samdráttur í raforkunotkun

Dregið verður úr orkunotkun á stofnunum sveitarfélagsins. Miðað verði út frá hverri stofnun fyrir sig þar sem orkuþörf er mismunandi og tækifæri til sparnaðar mismikil:

- a. Orkunotkun húsnæðis sveitarfélagsins verður metin út frá tölulegum gögnum frá raforkuflyttjanda og helstu þættir orkunotkunar, t.d. upphitun, lýsing og lofræstikerfi, kortlagðir fyrir hverja byggingu.
- b. Með gögn úr kortlagningu orkunotkunar stofnana verða fundnar leiðir til að draga úr orkunotkun og áætlun gerð um framkvæmd þeirra.
- c. Starfsfólk verður frætt um leiðir til orkusparnaðar. Upplýsingar um leiðir til orkusparnaðar verða sóttar hjá opinberum stofnunum og undirbúningur og framkvæmd mögulegra aðgerða unnin í samráði við fagaðila. Starfsfólk og öðrum notendum verður ráðlagt og þeim útvegaðar leiðbeiningar um framkvæmd aðgerða.
- d. Skipt verður yfir í LED-lýsingu þar sem kostur er: Lýsing í ljósastaurum sveitarfélagsins og öllum stofnunum verði skráð og skipti á lýsingu forgangsraðað eftir hagkvæmni, þ.e. kostnaði og áhrifum.

### 1.2 Mögulegur ávinningur aðgerða

Miðað verði að því að draga úr losun frá raforkunotkun um x% miðað við árið 2022.

- Skilvirkari orkunotkun: kortlagning og mat á orkunotkun hjálpar við að finna lítil afköst og orkusóun, og auðveldar markvissari árangur og minnkun losunar.
- Sparnaður: minni orkunotkun fylgir minni kostnaður fyrir sveitarfélagið.
- Fordæmisgefandi: með því að bæta orkunýtingu og fræða starfsfólk setur sveitarfélagið öðrum fordæmi um sjálfbærari starfshætti.
- Minni losun gróðurhúsalofttegunda: þrátt fyrir að raforka og hitaveita sé endurnýjanleg þá draga sparnaðarleiðir úr heildarlosun vegna orkunotkunar.
- Umhverfisvitund: aukin fræðsla og breyttar aðferðir stuðla að hugarfarsbreytingu starfsfólks og árangri í átt að sjálfbærnimarkmiðum.

## 2 Hringrásarhagkerfið

Úrgangur losar gróðurhúsalofttegundir, eins og metan, þegar lífrænn úrgangur brotnar niður í urðun. Óendurvinnanlegur úrgangur stuðlar einnig að losun í gegnum framleiðslu og förgun. Mikilvægt er að draga úr úrgangsmýndun, flokka rétt og auka endurvinnslu til að minnka losun, spara auðlindir og stuðla að hringrásarhagkerfi.

### 2.1 Samdráttur í úrgangsmýndun og aukið endurvinnsluhlutfall stofnana

Ráðist verður í nokkrar markvissar aðgerðir til þess að bæði draga úr úrgangsmýndun og auka endurvinnsluhlutfall. Mikilvægt er að koma sem mestum úrgangi til endurvinnslu, en þó er mikilvægt að missa ekki sjónar á því meginmarkmiði að draga úr heildarmagni úrgangs.

- a. Úrgangstölur hverrar stofnunar fyrir sig verða teknar saman og litið á þær í samhengi við starfsemina sem þar á sér stað. Í kjölfarið setur hver stofnun sér markmið til að draga úr urðun. Starfsfólk fái fræðslu og flokkunarleiðbeiningar gerðar aðgengilegri.
- b. Þjónustumiðstöð taki markvisst á því að sækja endurvinnsluúrgang (gler, málma og textíl) og fara með á gámasvæði eða í grenndargáma. Verklag skýrt fyrir allar stofnanir.
- c. Hver stofnun ákveður tengilið til þess að vera í samskiptum við umsjónarmann aðgerða vegna flokkunar stofnunarinnar og miðlar upplýsingum áleiðis til starfsfólks.
- d. Yfirlit um úrgang frá stofnunum verði sótt af umsjónaraðila aðgerðar ársfjórðungslega til að fylgjast nánar með framförum. Starfsfólk frætt reglulega um árangur í meðhöndlun úrgangs. Betra eftirlit verði til þess að hægt verði að grípa til aðgerða sýni tölur afturför.

### 2.2 Samdráttur í samfélagslegri úrgangsmýndun og aukið endurvinnsluhlutfall

Dregið úr samfélagslegri losun með fræðslu fyrir íbúa, fyrirtæki og gesti.

- a. Farið verði yfir úrgangstölur síðustu ára og þarfagreining gerð út frá magntölu úrgangsflokka frá fyrirtækjum, heimilum og stofnunum.
- b. Flokkunarleiðbeiningar miði að því sem helst þarf að taka á - í samræmi við nýtt og samræmt flokkunarkerfi á Íslandi.
- c. Sérstaklega verði reynt að koma flokkunarleiðbeiningum til þeirra sem eru með sumarhús og gististaði og að þær verði á nokkrum tungumálum til að ná til allra notenda.
- d. Regluleg fræðsla á vegum sveitarfélagsins, á vef, íbúafundum eða öðrum vettvangi, um innkaup, minni úrgangsmýndun og flokkun.

- e. Farið verði yfir úrgangstölur ársfjórðungslega og íbúar/gestir hvattir til að fullflokká úrgang, en a.m.k. árlega verði leiðbeiningum deilt (rafrænt) og íbúar minntir á mikilvægi endurvinnslu og að styðja við hringrásarhagkerfið.
- f. Sérsöfnun í grenndargáma: Reglulegt eftirlit með umgengni og flokkun í grenndargáma. Samskipti við íbúa og gámafyrirtæki vegna gámanna eru mikilvæg til að ná sem mestum árangri í sérsöfnun úrgangs og draga úr úrgangsmynndun.

## 2.3 Minni matarsóun

Aðgerðir sem draga úr matarsóun hafa í för með sér efnahagslegan og umhverfislegan ávinning.

- a. Matarsóun verður metin með samtölum við starfsfólk þeirra stofnana sem bjóða upp á máltíðir frá mötuneyti og tölum um lífrænan og almennan úrgang frá viðeigandi stofnunum. Farið verði í ítarlegt mat á stöðunni til að meta hversu mikil matarsóun á sér stað og hvað sé hægt að gera í hverri stofnun fyrir sig.
- b. Skýrar leiðbeiningar um leiðir til að draga úr matarsóun verða útbúnar og þær gerðar sýnilegar þar sem við á, t.d. í mötuneytum, matsölum og kaffistofum.
- c. Staðan metin á hálfss árs fresti, tölur sambærilegra mánaða bornar saman og fylgst með þróuninni.

## 2.4 Dregið úr losun frá þjónustu og vörum

Dregið verður úr óbeinni losun sveitarfélagsins með tilliti til innkaupa á ýmsum vörum og þjónustu.

- a. Innkaup hverrar stofnunar verði tekin fyrir og þarfagreining gerð á notkun skaðlegra efna (varnarefna og hreinsi- og hreinlætisefna).
- b. Hlutfall umhverfismerktra efna skoðað. Markmið sett að a.m.k. 70% hreinsi- og hreinlætisefna hverrar stofnunar séu merkt með viðurkenndu umhverfismerkni. Auk þess verði innkaup skipulögð þannig að ekki verði of mikið úrval af sömu flokkum (t.d. glerhreinsi, salernishreinsi og gólfhreinsi) og metið hvort að það borgi sig að kaupa efni í stærri umbúðum sem hægt væri að fylla á. Verklag hannað í samstarfi við starfsfólk stofnana - innkaupastjóra og fólk sem annast ræstingar og hefur yfirumsjón með matreiðslu.
- c. Innkaupastefna sveitarfélagsins verður endurskoðuð með sjálfbærnimarkmið Snæfellsness til hliðsjónar. Uppfærð innkaupastefna verði fordæmisgefandi fyrir aðra opinbera aðila vegna vistvænna innkaupa á vörum og þjónustu. Áhersla verði lögð á að draga úr neyslu og auka endurnýtingu.

## 2.5 Mögulegur ávinningur aðgerða

Miðað verði að því að draga úr losun frá úrgangi um x% og auka endurvinnslu um x% miðað við árið 2022.

- Minni urðun: aðgerðir sem draga úr úrgangi til urðunar draga samhliða úr kostnaði við meðhöndlun úrgangs, sem og losun gróðurhúsalofttegunda.
- Bættar endurvinnslutölur: markviss flokkun alls úrgangs allra stofnana getur leitt til bættrar þátttöku í endurvinnslu.
- Aukin ábyrgð: reglubundið eftirlit og skipulag í meðhöndlun úrgangs.
- Sparnaður: markviss úrgangsstjórnun og stýrð innkaup hráefna, hreinsiefna og þjónustu draga úr kostnaði.
- Umhverfisvitund: aukin fræðsla og breyttar aðferðir stuðla að hugarfarsbreytingu starfsfólks og árangri í úrgangsmálum á vinnustað og á heimilum starfsfólks.
- Mælanlegur árangur: reglubundið eftirlit gefur innsýn í hvaða aðgerðir henta vel og er hvetjandi.
- Samfélagsleg þátttaka: leiðbeiningar á nokrum tungumálum og markviss samskipti eru hvatning fyrir breytt hugifar og hegðun íbúa og gesta.
- Bætt aðgengi: eftirlit og viðhald á og við grenndargáma tryggir þægindi og aðgengi fyrir bætta flokkun.
- Minni áhrif frá lífrænum úrgangi: flokkun lífræns úrgangs í stað þess að hann fari til urðunar dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda um 90%.
- Skilvirk hráefnanotkun: skýr viðmið hámarka nýtingu í matargerð og neyslu og lágmarka sóun.
- Bætt orðspor: framtakssemi og ábyrgð í úrgangsmálum eflir leiðtogaþæfni og samfélagslegt traust.

### 3 Samgöngur

Samgöngur, sérstaklega akstur og flug, losa gróðurhúsalofttegundir með bruna jarðefnaeldsneytis, sem eykur útblástur koltvísýrings og stuðlar að loftslagsbreytingum. Mikilvægt er að draga úr ónauðsynlegum ferðum, velja umhverfisvænni samgöngumáta og nýta fjarfundalausnir þegar hægt er til að minnka kolefnisfótspor og stuðla að sjálfbærni.

#### 3.1 Samdráttur í losun frá flugi starfsfólks og fulltrúa

- a. Skráningarkerfi fyrir flug á vegum sveitarfélagsins verði komið á. Í því verði haldið utan um allt flug á vegum starfsfólks og fulltrúa sveitarfélagsins, þar á meðal um vegalengd og losun frá viðkomandi flugferðum.
- b. Viðmið verði sett um að árleg heildarlosun nái ekki  $x$  kg af CO<sub>2</sub>. Viðmið verði endurskoðað árlega og uppfært þegar þörf þykir.

#### 3.2 Samdráttur í losun frá akstri starfsfólks og fulltrúa

Markviss skráning aksturs á vegum sveitarfélagsins, rafvæðing ökutækja við endurnýjun og fundastefna.

- a. Skráning á akstri starfsfólks og fulltrúa á vegum sveitarfélagsins á eigin bílum verði gert skilvirkara með skráningu bílnúmers ökutækis. Með bílnúmeri væri hægt að rekja CO<sub>2</sub> losun á hvern akstur, og í hvaða tilfellum akstur er með rafmagnsbíl. Núverandi útreikningar eru byggðir á ágiskun út frá ökutækjaskrá Samgöngustofu og losunarstuðlum Umhverfisstofnunar.
- b. Skráning starfsfólks og fulltrúa á bílaleigubílum verði gerð af umsjónaraðila aðgerða þar sem haldið er utan um ekna kílómetra starfsfólks, gerð farartækis og fjöldi farþega á vegum sveitarfélagsins.
- c. Kostnaðarmat verði gert á ökutækjakostum – bæði varðandi kaup á ökutækjum og rekstur þeirra, miðað við árlegan meðalakstur.
- d. Hleðslustöðvar verði settar þar sem starfsemi krefst rafknúinna ökutækja samhliða ökutækjaskiptum, t.d. við skóla, áhaldahús, höfn og ráðhús.
- e. Sveitarfélagið geri mat á kostum fjarfunda annars vegar og staðfunda hins vegar og móti stefnu í samræmi við það. Starfsfólk og aðrir fulltrúar verði upplýstir um stefnuna og þau beðin um að taka mið af henni þegar sækja þarf fund eða boða til fundar. Skráningarkerfi fyrir akstur verði mælikvarði til að meta árangur stefnunnar.

### 3.3 Samdráttur í samfélagslegri losun frá akstri

Sveitarfélagið styðji við þá þróun sem gerir íbúum og gestum kleift að sleppa ökutækjum sem nota jarðefnaeldsneyti með ýmsum leiðum.

- a. Fræðsla fyrir íbúa og gesti um mikilvægi og kosti þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.
- b. Sveitarfélagið leggi mikla áherslu á að hvetja allar stofnanir og fyrirtæki að taka þátt í átakinu "hjólað í vinnuna" og öðrum sambærilegum átökum og að gera slíkt atferli að venju eða lífsstíl. Aðrar leiðir verði skoðaðar til að hvetja íbúa til að nota vistvænni ferðamáta fyrir bætta lýðheilsu og betra umhverfi. Einnig muni sveitarfélagið sýna sveigjanleika vegna staðsetningar starfs þegar við á.
- c. Yfir vetrarmánuði verði lögð áhersla á að halda gangstéttum greiðum og þær verði saltaðar eða þaktar með sandi í hálku. Færar gangstéttir eru mikilvægar fyrir lýðheilsu og umhverfi, til að bæta jafnan aðgang allra að mismunandi ferðaleiðum og minnka slysahættu.
- d. Stuðlað verði að fjölgun aðgengilegra hleðslustöðva fyrir starfsemi, íbúa og gesti.
- e. Hvatakerfi verði komið á fyrir íbúa og starfsfólk sveitarfélaganna til að nota vistvænni ferðamáta.

### 3.4 Mögulegur ávinningur aðgerða

- Aukin ábyrgð og upplýstar ákvarðanir: eftirlit með losun frá flugi tryggir gagnsæi og ábyrgð í rekstri sveitarfélaga.

- Minni útblástur: Minni losun gerir ferðamáta og samfélagið sjálfbærara. Gagnadrifnar ákvarðanir: árlegt mat gefur innsýn og tækifæri til að skerpa á markmiðum og aðlagast breyttum aðstæðum.
- Hagkvæmni: með reglulegu eftirliti með flugferðum og framfylgd fjarfundastefnu er möguleiki á að draga úr ferðakostnaði samhliða minni losun.
- Skilvirkari skráning á losun: markvisst skráningarkerfi veitir betri yfirsýn um losun koltvísýrings og miðar að samdrætti í losun.
- Minni útblástur: fjölgun hleðslustöðva fyrir rafbíla auðveldar íbúum og gestum að leggja sitt að mörkum til að draga úr útblæstri frá samfélagini.
- Fordæmisgefandi: að sýna skuldbindingu í verki hefur samverkandi áhrif í samfélagini og er öðrum, fyrirtækjum jafnt sem sveitarfélögum og einstaklingum, til fyrirmynadar. Stuðar vonandi að því að fleiri stærri aðilar mæli og dragi úr eigin losun.
- Bætt lýðheilsa: Að hvetja til hreyfingar getur leitt til heilbrigðara samfélags og lækkandi heilbrigðiskostnaðar.

## 4 Verndun vistkerfa og landnotkun

Landnotkun, svo sem skógarneyðing, framræsting votlendis og jarðvegseyðing, losar gróðurhúsalofttegundir með því að minnka kolefnisforða og auka niðurbrot lífræns efnis. Mikilvægt er að grípa til mótvægisáðgerða, eins og endurheimt vistkerfa og sjálfbærrar landnýtingar, til að draga úr losun, binda kolefni og vernda líffræðilega fjölbreytni.

### 4.1 Græn svæði

Miða við að græn svæði í aðalskipulagi séu ávallt í eða í nágrenni við íbúabyggð og séu aldrei minna en x% af skipulögðu þéttbýlissvæði. Í endurnýjun aðalskipulags verði áhersla lögð á græn svæði vegna náttúruverndar og lýðheilsu íbúa. Mat verði gert í samráði við sérfræðinga. Farið verði yfir gildandi/útrunnið aðalskipulag og mat gert á grænum svæðum. Áhersla verði einnig lögð á græn svæði sem stuðla að náttúruvernd, vistheimt og bættu aðgengi að útivist og aukinni lýðheilsu. Mikilvægt að matið verði gert í samráði við náttúrvísindamenn eða aðra sérfræðinga.

Samkvæmt 11. Heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna er hvatt til þess að íbúar þéttbýlis hafi jafnan aðgang að grænum svæðum. Hér er átt við útivistarsvæði á við almenningsgarða, gönguleiðir og náttúruleg svæði. Aðgengi íbúa og gesta að gönguleiðum og almenningsgörðum stuðlar að hreyfingu og minni notkun ökutækja – bættri lýðheilsu. Þegar kemur að náttúrulegum svæðum innan þéttbýlis er mikilvægt að vistkerfi fái að njóta sín og mannlegum innviðum sé haldið í lágmarki og þau vernduð frá ágengum tegundum, þá einkum lúpínu, kerfli og mink.

## 4.2 Aðferðir til þess að minnka losun eða auka bindingu kolefnis

Mesta losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kemur frá landnotkun, eða rúmlega helmingur allrar losunar frá Íslandi. Mikilvægt er að þessum losunarflokki sé gerð góð skil og sveitarfélagið geri allt sem í valdi þess stendur til að draga úr losun frá landnotkun.

### a. Verndun svæða (A):

a. Verndun svæða með áherslu á vistgerðir sem hafa hátt verndargildi, þar á meðal votlendi, birkiskóga, sjávarfitjar, kræklingaleirur og marhálmsgræður. Með því að vernda svæði fyrir t.d. beit, væri hægt að auka bindingu kolefnis. Fólkvangur er friðlýst útvistarsvæði nærrí byggð, skilgreint í náttúruverndarlöggjöf og aðalskipulagi. Á Íslandi reka sveitarfélög fólkvanga með samþykki Umhverfisstofnunar.

### b. Vistheimtaraðgerðir (B) - Vistheimt á landi í eigu sveitarfélagsins og/eða í samstarfi við landeigendur.

a. Vistheimt, þar sem unnið er að endurheimt horfinna eða raskaðra vistkerfa, gæti verið á landi t.d. með endurheimt birkiskóga, votlendis, stöðuvatna og straumvatna, eða jafnvel í hafi og við strandsvæði. Aðeins yrði farið í vistheimtaraðgerðir í samráði/samstarfi við sérfræðinga:

i. Hnignuð svæði sem flokkast sem græn svæði í aðalskipulagi kortlögð í samráði við sérfræðinga (t.d. Náttúrustofu Vesturlands, Land og skógar eða Landbúnaðarháskólans). Óskað verði eftir samstarfi landeiganda ef land sem gæti hentað í slíkt verkefni er ekki í eigu sveitarfélagsins. Háð hverju vistkerfi og svæði fyrir sig yrði langtímaáætlun unnin í samstarfi við sérfræðinga og mögulega staðlaðir útreikningar skráðir fyrir vistheimtarverkefni framtíðarinnar.

ii. Sveitarfélagið setur sér stefnu um að í hvert sinn sem nauðsynlegt þykir að raska landsvæði með mikilvægu vistkerfi vegna framkvæmda, verði annað (helst sambærilegt) vistkerfi endurheimt, sem er stærra að flatarmáli en hið raskaða svæði, enda er vistfræðileg virkni endurheimtra svæða að jafnaði lakari en óraskaðra svæða.

### c. Mótvægisaðgerðir vegna framkvæmda í landi sveitarfélagsins þar sem losun á sér stað:

a. Farið verði í verndun svæða (A) eða vistheimtaraðgerðir (B) til að koma til móts við þá losun sem á sér stað þegar landi er raskað, t.d. þegar það er lagt undir byggð. Mesta losunin á Íslandi samkvæmt losunarbókhaldi UST er vegna landnotkunar. Það á hvað helst við um tilfelli þegar vatnsstaða lands er lækkuð eða kolefnisríkum jarðvegi raskað, en í báðum tilfellum veldur það greiðari aðgangi síurefnis að kolefni í jarðvegi, sem losnar þá sem koltvíoxíð út í andrúmsloftið og stuðlar að auknum loftslagsbreytingum.

#### 4.3 Mögulegur ávinnungur aðgerða

Verndun vistkerfa: verndun og endurheimt vistkerfa stuðlar að viðhaldi eða fjölgun í innlendum stofnum tegunda og eykur viðnámsþrótt vistkerfa gegn innrás framandi ágengra tegunda.

- Kolefnisbinding: endurheimt votlendis, birkiskóga og annarra vistkerfa dregur úr kolefnislosun frá landi, auk þess að fanga kolefni sem dregur úr styrk koltvísýrings í andrúmsloftinu.
- Draga úr loftslagsbreytingum: Verndun og endurheimt dýrmætra búsvæða tekur á stærstu losunaruppsprettu Íslands, dregur úr losun frá landi og hjálpar þannig til við að berjast gegn loftslagsbreytingum. Um leið stuðlar aðgerðin að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sem stendur veruleg ógn af eyðingu búsvæða og loftslagsvánni.
- Bætt lýðheilsa og umhverfisvitund: nálægð við græn svæði hvetur til líkamlegrar virkni og stuðlar að andlegri vellíðan, auk þess að draga úr þörf á ökutækjum.
- Samvinna og sérfræðiþekking: Samráð við náttúruvísindamenn tryggir skilvirka endurheimt vistkerfa og langtímaáætlanagerð.
- Tenging við alþjóðlegar samþykktir: aðgerðir í verndun vistkerfa og vistheimt uppfylla alþjóðlega samþykktir sem Ísland er aðili að; Samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, aðild 1994), Samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, einnig nefndur Bernarsamningurinn (Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats, aðild 1993), Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einnig nefndur Hafréttarsamningurinn (United Nations Convention on the Law of the Sea, aðild 1985) og Samninginn um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla, einnig nefnduar AEWA samningurinn (Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds, aðild 2013).

# AÐGERÐARÁÆTLUN X SVEITARFÉLAGS

